ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 2. desember 1998 • 48. tbl. • 15. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: bb@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

Fullveldisfagnaður Grunnskóla Ísafjarðar var haldinn í sal skólans síðastliðið föstudagskvöld. Stærsta atriðið á fagnaðinum var sýning á söngleiknum Grease, sem byggður er á kvikmyndinni frægu með John Travolta en hátt í þrjátíu manns tóku þátt í sýningunni. Á meðfylgjandi mynd má sjá þau Sandy og Danny en þau léku Ingvar Alfreðsson og Þórunn Arna Kristjánsdóttir. Sjá nánar frétt og myndir á bls. 5.

Bakki hf. í Bolungarvík

Nasco ehf. eignast meirihluta hlutafjár

– of snemmt að segja nokkuð til um framhaldið, segir framkvæmdastjórinn

Fyrirtækið Nasco ehf. (North Atlantic Seafood Company) í Reykjavík hefur gert samning um kaup á meirihluta í Bakka hf. í Bolungarvík. Bakki hf. hefur verið að öllu leyti í eigu Þorbjarnar hf. í Grindavík en hér eftir mun Þorbjörn hf. eiga 40% en Nasco ehf. 60%.

Egill Guðni Jónsson, framkvæmdastjóri Nasco, sagði í samtali við BB í fyrradag, að of snemmt væri að svara nokkru til um hugsanlegar breytingar á rekstrinum. „Við tökum ekki við stjórn fyrirtækisins fyrr en seinna í vikunni og fyrir mig er of snemmt að segja nokkuð til um framhaldið. Ég held að það sé dálítið hættulegt að fara að gefa út einhverjar yfirlýsingar um hvað ég ætli mér að gera. Ég vil frekar láta verkin tala.“

Aðspurður kvað Egill Guðni nei við því að fyrirtæki hans sé fyrst og fremst að slægjast eftir rækjuvinnslunni í Bolungarvík. „Við erum ekki að kaupa dýrt og mikið frystihús til þess að horfa til rækjunnar einnar og sér.“

Nasco ehf. er fjögurra ára gamalt fyrirtæki í innflutningi og útflutningi með sjávarafurðir. Höfuðstöðvar þess eru í glæsilegum húsakynnum að Höfðabakka 9 í Reykjavík (byggingunni sem er betur þekkt sem hús Íslenskra aðalverktaka eða Watergate).

Egill Guðni kvaðst ekki vera búinn að koma vestur og

líta á hinar nýju eignir Nasco. „Ég á eftir að koma og hitta starfsfólkið og það gerist væntanlega á einhverjum af næstu dögum. Fram að því er ekki rétt að láta hafa mikið eftir sér.“

Samkvæmt heimildum BB er fundur í Bakka hf. fyrirhugaður nk. þriðjudag og verður þá væntanlega kosin ný stjórn í fyrirtækinu.

SNORRI HEFUR KOMIÐ VÍÐA VIÐ

– SJÁ SAMTAL VIÐ SNORRA GRÍMSSON, STÚDENT Í FYRSTA ÁRGANGI MÍ, LEIÐSÖGUMANN, FORMANN FORELDRAFÉLAGSINS OG AFGREIÐSLUMANN Í RÍKINU Á ÍSAFIRÐI MEÐ MEIRU Á BLS. 8 OG 9

Jensen heilsukoddar
Jensen rúm
og rúmdýnur

HÚSGAGNALOFTIÐ
SÍMI 456 4566 • SKEIÐI 1 • 400 ÍSAFJÖRÐUR

NORSKAR ULLARPEYSUR
OPIÐ Í HÁDEGINU OG
TIL KL. 16 Á LAUGARDAG

LEGGUR OG SKEL
fataverslun barnanna
Ljóninu • Skeiði • Sími 456 4070

Bæjarins besta

Útgefandi:
H-prent ehf.
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður
☎ 456 4560
456 4564
Netfang prentsmiðju:
hprent@snerpa.is
Stafræn útgáfa:
http://www.snerpa.is/bb

Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson
Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson
Blaðamaður:
Hlynur Þór Magnússon
Netfang ritstjórnar:
bb@snerpa.is

Bæjarins besta er í samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða. Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.

LEIÐARI

Gott er að hafa tungur tvær ...

...og tala sitt með hvorri. Stjórnmálamönnum virðist íþrótt þessi einkar kær og öðrum betur hafa þeir hana á valdi sínu. Almúgi þessa lands hefur löngum umborið þetta tómstundagaman þeirra. Enda verið sér fyllilega meðvitaður um að svart verður hvítt og hvítt svart hjá þeim blessuðum eftir því hvoru megin borðs er setið.

Nýjasti svart/hvítismellurinn er hækkun útsvars í Reykjavík. Nú og hér skal útsvar höfuðborgarbúa látið liggja á milli hluta. Það er þeirra mál eða kannski öllu heldur vandamál. Vandséð er að öðrum komi það við. Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, svo nærtækt dæmi sé tekið, fer varla að skipta sér af álagningu útsvars í Reykjavík enda hefur heimastjórnin okkar áreiðanlega meira en nóg af vandamálum á sinni könnu.

Fyrirhuguð almenn skattalækkun ríkisins um næstu áramót byggist á gömlu loforði, sem svona og svona gekk að fá viðkomandi til að standa við. Eðlilega finnst Reykvíkingum súrt í broti að ávinningurinn af henni verði millifærður á útsvarsreikning höfuðborgarinnar.

Samkvæmt könnun sem gerð var fyrir Samband ísl. sveitarfélaga hafa sveitarfélögin heldur betur farið halloka í samskiptum við ríkisvaldið. 15 milljarðar á tæpum áratug. Það munar um minna. Stóri bróðir sér um sig. Sveitarfélögin þurfa auknar tekjur ef þau eiga að lifa af, segir væntanlegur þingmaður og bæjarfulltrúi í Kópavogi.

Kannski er það vegna þess að almúginn tekur svart/hvíta orðaleiknum oftast með fálátu hnussi, sem stjórnmálamenn sjá sjaldnast aðra leið en að stinga hendinni í vasa þessa sama almennings þegar tómahljóðið í stóra kassanum er orðið yfirþyrmandi. Eða er það kannski vegna þess að þessi sami almenningur liggur best við höggi, þ.e. að það þarf engar skattalegar reikningskúnstir til að ná til hans?

Daglega erum við minnt á góðærið sem ku ríkja í landinu þótt misjöfnum sögum fari af því meðal hinna ýmsu þjóðfélagshópa. Og daglega erum við mötuð á gengi verðbréfamarkaðarins, sem eftir umfangi og eftirspurn þar á bæ að dæma er ekki minnsti þáttur góðærisins. Nú virðast allir grónir sára sinna eftir átökin um fjármagnstekjuskattinn. Fjármagnið flæðir í stríðum straumum. Það er komið út úr skápnum.

Útsvarshækkunin í Reykjavík þarf ekki að koma neinum á óvart. Hún er einfaldlega leið stjórnmálamannsins til að ná því til sín er hann þarfnast, gamla, örugga og handhæga leiðin, að seilast í vasa þeirra þegna þjóðfélagsins, sem standa berskjaldaðir frammi fyrir hripleku skattakerfi valdhafanna.

-s.h.

ORÐ VIKUNNAR

Þjófabálkur

„Þetta tekur nú út yfir allan þjófabálk“, er stundum sagt þegar langt þykir gengið og rúmlega það. Lagasafnið Jónsbók (kennt við Jón lögmann Einarsson) var lögtekið á Íslandi á árunum eftir 1280 og skiptist í ýmsa „bálka“ (kafla) eftir efni. Einn þeirra er „þjófabálkur“ og fjallar eins og vænta má um þjófnaðarsakir og viðurlög við þeim.

Þegar eitthvað „tekur út yfir allan þjófabálk“ er því gengið svo langt, að jafnvel sjálfur löggjafinn hefur ekki hugsað fyrir þvílíkum ódæmum.

Kaup Nasco á Bakka hf. í Bolungarvík

„Mey skal að morgni lofa“

– segir Ólafur Kristjánsson bæjarstjóri

Samkvæmt heimildum BB var forsvarsmönnum Bolungarvíkurkaupstaðar algerlega ókunnugt um yfirvofandi sölu Þorbjarnar hf. í Grindavík á meirihluta í Bakka hf. í Bolungarvík til Nasco ehf. (sjá forsíðu).

Eins og fram kom hér í blaðinu í síðustu viku voru bæjarstjórinn í Bolungarvík og tveir bæjarráðsmenn þá á leið suður og hugðust eiga fund með Þorbirningum um framtíðaráform fyrirtækisins varðandi Bakka hf. Á þeim fundi hittu þeir ekki aðeins fyrir forsvarsmenn Þorbjarnar hf., heldur voru þar einnig fulltrúar Nasco ehf. og var fulltrúum Bolvíkinga þar gerð grein fyrir því hvað væri að gerast.

Þegar blaðið innti Ólaf Kristjánsson álits á þessum tíðindum vildi hann aðeins segja þetta: Mey skal að morgni lofa.

Danssýning hjá Heiðari Ástvalds

Heiðar Ástvaldsson danskennari hefur undanfarnar vikur verið með námskeið á Ísafirði með aðstoð Evu Friðþjófsdóttur á Ísafirði og lauk úthaldinu með nemendasýningu í Íþróttahúsinu við Austurveg á föstudaginn. Um 170 börn og unglingar tóku þátt í sýningunni, allt frá fjögurra ára aldri. Þetta er þriðja árið í röð sem Heiðar kemur vestur til að kenna dans. Meðfylgjandi myndir voru teknar á sýningunni.

Rækjuaflinn í Ísafjarðardjúpi

Stórfelldur samdráttur milli ára

Rækjuveiðin í Ísafjarðardjúpi á síðasta ári var aðeins 60% af því sem hún var árið áður, eða 1.844 tonn á móti 3.044 tonnum. Ekki virðast horfurnar bjartari í ár. Byrjunarkvótinn í Ísafjarðardjúpi er nú aðeins 1.000 tonn, en það eru um 54% af veiðinni í fyrra og um einn þriðji af veiðinni árið 1996. Auk þess er rækjan sem nú veiðist heldur misjöfn.

Í Arnarfirði hefur rækjuveiðin verið jafnari milli ára. Þannig var veiðin í fyrra 727 tonn eða um 95% af veiðinni árið 1996. Hins vegar er byrjunarkvótinn í Arnarfirði nú aðeins 400 tonn.

Tekið skal fram, að umræddur byrjunarkvóti er til bráðabirgða og sætir breytingum samkvæmt framvindu mála eftir mati fiskifræðinga Hafrannsóknastofnunar.

SKG Veitingar

Nýárs fagnaður

Laugardaginn 2. janúar verður haldinn nýársfagnaður hjá SKG-veitingum á Hótel Ísafirði. Borðhald hefst kl. 19:30 og verður boðið upp á fimm rétta veislumáltíð ásamt skemmtiatriðum og dansleik. Hjónabandið mun leika fyrir dansi til kl. 03:00.

Matseðill

Fordrykkur / Smásnittur – Sniglasúpa bætt með vermouth
Kampavínskrap – Ofnsteikt appelsínuönd bigarde
Eldsteiktar pönnukökur með gamaldags vanilluís.
Verð pr. mann aðeins kr. 5.900.-
Ath! takmarkaður sætafjöldi.
Verður ef næg þátttaka fæst

Tekið er við borðapöntunum og miðar seldir á Hótel Ísafirði fyrir 20. desember. Einnig eru veittar nánari upplýsingar í síma 456 4111.

Skötuhlaðborð

Í hádegi á Þorláksmessu verðum við með skötuhlaðborð þar sem boðið verður upp á: Grjónavelling, kæsta og nýja skötu, skötustöppu, skötu- og saltfiskstöppu, saltfisk, plokkfisk, rúgbrauð, hamsatólg, hnoðmör o.fl.
Verð kr. 1.480.-

Jólahlaðborð

Jólahlaðborðið er hefðbundið hjá okkur, en meðal rétta á því eru: Sjö tegundir af síld, reyktur lax, sjávarréttaterrine, humar- og laxavefja, nautatunga, pastasalat, reyktur lundi, grafin gæs, hangikjöt, reykt svínalæri, rifjasteik, kalkúnn, lambalæri, Ris a la mandes, ís, skyrterta og fleira spennandi.
Samfara jólahlaðborði efnum við til jólaleiks þar sem glæsileg verðlaun verða í boði, þ.ám. flugfar fyrir tvo til Reykjavíkur með Flugfélagi Íslands ásamt gistingu fyrir tvo á Hótel Sögu. Áramótavín frá Allied Domec, Hátíðarkvöldverður fyrir tvo á Hótel Ísafirði o.fl.
Á fjölskyldukvöldi munu jólasveinar líta inn og gefa börnunum eitthvert góðgæti.
Verð kr. 2.980.-
Föstudagur 4. desember: *Fullbókað.* Laugardagur 5. desember: *Fullbókað.* Föstudagur 11. desember: *Fullbókað.* Laugardagur 12. desember: *Fullbókað.* Sunnudagur 13. desember: Fjölskyldukvöld. Borðhald hefst kl. 18:00. *Laus sæti.* Föstudagur 18. desember: *Örfá sæti laus.* Laugardagur 19. desember: *Örfá sæti laus.*

Ísafjörður

Jólakortasala

Styrktarsjóður húsbyggingar Tónlistarskóla Ísafjarðar hefur nú gefið út nýtt jólakort til fjáröflunar. Sjóðurinn hefur gefið út slík jólakort í mörg ár og jafnan reynt að finna myndefni, sem höfðar sérstaklega til Ísfirðinga.

Þess eru mörg dæmi, að menn safni þessum „Tónlistarskólakortum“, rammi þau inn og noti til gjafa, einkum til gamalla Ísfirðinga.

Að þessu sinni er á kortinu mynd af handmáluðri ljósmynd frá Ísafirði á 5. áratug þessarar aldar og er myndin tekin úr blómagarðinum í Bæjarbrekkunni og sér yfir Eyrina. Talið er að Ágúst Leós hafi tekið myndina.

Jólakortin eru til sölu á skrifstofu Tónlistarskólans og í Bókaverslun Jónasar Tómassonar.

Þingeyri

Sundlauginni lokað?

Kona hringdi frá Þingeyri og bað um að komið yrði á framfæri þeirri áskorun til bæjaryfirvalda, að sundlauginni á Þingeyri yrði ekki lokað í sparnaðarskyni, eins og hún sagði að yfirvofandi væri einhvern næstu daga.

Ísafjörður

Basar á Silfurtorgi

Hvítasunnukirkjan á Ísafirði heldur basar á Silfurtorgi nk. föstudag kl. 15.

Allur ágóði rennur til Lindarinnar.

Auglýsingasíminn er 456 4560

Ísafjörður

Lyfjum stolið úr gúmbátum

Aðfaranótt sunnudagsins var brotist inn í Netagerð Vestfjarða og Gúmmíbátaþjónustuna sf., sem eru saman til húsa á Grænagarði á Ísafirði.

Rótað var í gúmmíbjörgunarbátum og stolið einhverju af lyfjum og auk þess blysum. Málið er í rannsókn.

Ísafjörður

Jólatorgsalan á laugardag

Hin árlega jólatorgsala Styrktarsjóðs Tónlistarskóla Ísafjarðar verður haldin á laugardaginn, 5. desember, og hefst kl. 14.

Skattstjórinn í Vestfjarðaumdæmi

Laus staða

Á Skattstofu Vestfjarðaumdæmis, Hafnarstræti 1, Ísafirði, er laus staða skrifstofumanns. Starfið felst í álagningarskoðun einstaklingsframtala. Leitað er að starfsmanni sem á gott með samskipti og er reiðubúinn að takast á við krefjandi verkefni.

Umsækjendur þurfa að hafa reynslu af almennum skrifstofustörfum og góða íslenskukunnáttu.

Umsóknir, ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf, meðmælendur og annað sem umsækjandi óskar að taka fram, þurfa að berast embættinu fyrir 16. desember nk. Laun eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir skattstjóri, Sigríður Guðjónsdóttir, í síma 456 3788 eða 456 4166.

Tölvusýning hjá Pólnum

Póllinn hf. á Ísafirði og Heimilistæki hf. í Reykjavík efndu til tölvusýningar í verslun Pólsins á föstudag. Sérstök kynning fór fram á búnaði fyrir fyrirtæki og stofnanir og notfærðu fjölmargir sér hana. Einnig notfærðu fjölmargir einstaklingar sér kynningu og voru forsvarsmenn fyrirtækjanna tveggja ánægðir með viðtökurnar. Ljósmyndari blaðsins kom við á sýningunni og tók þar meðfylgjandi mynd. Á henni má sjá Hermann Óskarsson, verslunarstjóra Pólsins útlista fyrir gestum þær nýjungar sem kynntar voru.

STUTTAR FRÉTTIR

Dýralæknar á förum

Dýralæknarnir og hjónin Laufey Haraldsdóttir og Höskuldur Jensson, sem undanfarin ár hafa verið búsett á Ísafirði og sinnt Vestfjörðum, hafa sagt starfi sínu lausu og hverfa á brott um áramótin.

Ekki er ljóst hvað við tekur á Vestfjörðum í þessum efnum eða hvort nokkur fastur dýralæknir verði starfandi á svæðinu.

Fyrirlestur um uppeldi og aga

Rúmlega 120 manns sóttu fyrirlestur um uppeldi og aga, sem VÁ VEST-hópurinn stóð fyrir í Grunnskólanum á Ísafirði í síðustu viku. Hann var liður í samstarfsverkefni sveitarfélaganna þriggja á norðanverðum Vestfjörðum, Bolungarvíkur, Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps.

Fyrirlesturinn var framlag Barnaheilla til verkefnisins og önnuðust hann þær Þórkatla Aðalsteinsdóttir og Margrét Halldórsdóttir, sem báðar eru sálfræðingar Barnaheilla.

Fjallað var um aga og samskipti foreldra og barna. Einnig var rætt um þroska barna og hvernig foreldrar haga samskiptum sínum við börnin í samræmi við þroska þeirra á hverju aldursskeiði.

Nýr bátur sjósettur á Ísafirði á föstudag

Nýtt stálskip verður sjósett í Skipasmíðastöðinni hf. á Ísafirði á föstudagsmorgun kl. hálfníu. Nýsmíði þessi er nálega 50 brúttórúmlestir og 17,5 m á lengd. Báturinn er smíðaður fyrir Jón Traustason á Akranesi og mun bera nafnið Stapavík.

Hátíðarmessa og aðventukvöld á sunnudaginn

Hólskirkja í Bolungarvík 90 ára

Bolvíkingar halda upp á 90 ára vígsluafmæli kirkju sinnar á sunnudaginn, 6. desember, sem er annar sunnudagur í aðventu. Svo vill til, að árið 1908 þegar Hólskirkja í Bolungarvík var vígð, bar annan sunnudag á aðventu einnig upp á 6. desember. Rögnvaldur Ólafsson arkitekt teiknaði kirkjuna. Hólssókn var gerð að sérstöku prestakalli árið 1925 en áður var þar annexía frá Eyri í Skutulsfirði.

Hátíðarhöldin á sunnudaginn byrja með sunnudagaskóla kl. 11. Hátíðarmessa verður kl. 14 og þar predikar vígslubiskupinn í Skálholti, Sigurður Sigurðarson. Sóknarpresturinn, sr. Agnes M. Sigurðardóttir, þjónar fyrir altari ásamt prófasti og grannprestum. Formaður sóknarnefndar, Einar Jónatansson, rekur í stuttu máli sögu kirkjunnar á Hóli.

Á eftir verður kirkjugestum boðið í kaffi í Félagsheimilinu, sem konur í Kvenfélaginu Brautinni annast. Þar verða m.a. flutt atriði úr poppmessu, sem fram fór í Hólskirkju um fyrri helgi.

Um kvöldið verður hið árlega aðventukvöld, en það er nú haldið í 33. sinn á afmæli Hólskirkju, annan sunnudag í aðventu. Sérstaklega hefur verið vandað til undirbúnings í tilefni afmælisins. Að venju er hann í höndum organista kirkjunnar, Guðrúnar Bjarnveigar Magnúsdóttur, og kirkjukórs Hólskirkju. Ung söngkona frá Bolungarvík, Sigrún Pálmadóttir, syngur einsöng og einnig syngur hún með kórnum. Organisti kirkjunnar annast undirleik ásamt Einari Erni Konráðssyni og Steinunni Magnúsdóttur, sem leika á kornett, og Margréti Gunnarsdóttur, sem leikur á orgel með kórnum. Einar Kristinn Guðfinnsson alþingismaður flytur aðventuhugleiðingu og Benedikt Bjarnason minnist fyrsta sóknarprestsins í Bolungarvíkurprestakalli, sr. Páls Sigurðssonar.

Sóknarbörn og aðrir velunnarar kirkjunnar eru sérstaklega boðin velkomin til hátíðarhaldanna.

Hólskirkja í Bolungarvík.

Opið í Reykjanesi

Ferðaþjónustan í Reykjanesi við Djúp er opin í allan vetur og fást þar bæði veitingar og gisting. Að sögn Margrétar Karlsdóttur í Reykjanesi kunna rjúpnaveiðimenn vel að meta gufubaðið og „yndislega hlýja" sundlaugina til afslöppunar eftir langa og stranga göngudaga.

Vestfirðir

Sveitarfélögin skuldug

Samkvæmt niðurstöðutölum um skuldir sveitarfélaga um síðustu áramót kemur fram, að öll stærstu sveitarfélög á Vestfjörðum eru með skuldir á hvern íbúa yfir landsmeðaltali. Vesturbyggð er skuldugasti kaupstaður landsins með kr. 383 þúsund á íbúa, en landsmeðaltal allra sveitarfélaga landsins er kr. 155 þúsund á íbúa.

Í Ísafjarðarbæ er skuldin á hvern íbúa kr. 271 þúsund og í Bolungarvík kr. 253 þúsund. Í Tálknafjarðarhreppi er skuldin hins vegar kr. 166 þúsund og í Hólmavíkurhreppi kr. 173 þúsund. Þessi tvö sveitarfélög eru aðeins lítillega yfir landsmeðaltalinu.

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI

456 3940 & 456 3244 • Fax: 456 4547 • Netfang: tryggvi@snerpa.is

Fasteignaviðskipti

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

Einbýlishús / raðhús

Fagraholt 5: 140,6 m² einbýlishús á einni hæð í mjög góðu standi ásamt **bílskúr.**
Verð kr. 11,500,000,-
Góuholt 1: 142 m² einbýlishús í góðu standi á einni hæð ásamt **bílskúr. Áhv. ca. 5,8 millj.**
Verð kr. 11,600,000,-
Góuholt 3: 140,7 m² einbýlishús á einni hæð ásamt **bílskúr. Möguleg skipti á minni eign. Áhv. ca. 2,7 millj. Laust strax.**
Verð kr. 12,000,000,-
Hafraholt 22: 144,4 m² enda raðhús á tveimur hæðum ásamt **22,4 m² bílskúr. Áhv. ca. 2,5 millj. Verð kr. 9,500,000,-**
Hjallavegur 4: 242 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt **bílskúr. Fallegt útsýni. Tilboð óskast**
Hjallavegur 19: 242 m² einb.-hús á 2 hæðum ásamt **innbyggðum bílskúr. Sér íbúð á n.h. Ymis skipti möguleg. Áhv. ca. 5 millj. Verð kr. 10,500,000,-**
Hlíðarvegur 31: 130 m² einb.hús á 2 hæðum **ásamt bílskúr. Húsið er nær allt uppgert að utan sem innan. Mjög gott útsýni. Verð kr. 10,700,000,-**
Hnífsdalsvegur 13: 160 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt **kjallara og geymsluháalofti. Áhv. ca. 1,7 millj.**
Verð kr. 5,300,000,-
Kjarrholt 2: 173,6 m² einbýlishús á einni hæð ásamt **góðum tvöföldum bílskúr. Áhv. ca. 3,7 millj. Verð kr. 13,200,000,-**
Seljalandsvegur 12: 145,1 m² einbýlishús á þremur hæðum ásamt **eignarlóð. Áhv. ca. 1,8 millj. Verð kr. 7,500,000,-**
Skólavegur 1: 62,8 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt **kjallara og þurrkhjalli. Áhv. ca. 3 millj. Verð kr. 3,700,000,-**
Tangagata 15b: 103 m² einb.-hús á 2 hæðum ásamt geymsluskúr (nýtist sem herbergi). **Laust fljótl. Áhv. ca. 3,3 millj..**
Verð kr. 6,200,000,-
Urðarvegur 26: 236.9 m² raðhús á tveimur hæðum ásamt **innbyggðum bílskúr. Ekkert áhvílandi.**
Verð kr. 11,800,000,-

4-6 herbergja íbúðir

Fjarðarstræti 38: 130 m² 4ra herb. íbúð á tveimur hæðum í þríbýlishúsi. Áhv. ca. 3,4 millj. **Möguleiki á lánum að fjárhæð 4,9 millj. Verð kr. 7,000,000,-**
Hnífsdalsvegur 27: 182 m² glæsileg íbúð með parketi og harðv.innr. Einnig 415 m² iðnaðar- og viðg.húsnæði ásamt lagerhúsnæði. **Tilboð.**
Seljalandsv. 20: 161,2 m² 5-6 herb. íbúð á efri hæð í tvíb.húsi ásamt bílskúr. Íbúðin mikið uppgerð. **Áhv. ca. 5,2 millj. Verð kr. 10,700,000,-**
Tangagata 8a: 106,5 m² 4-5 herbergja íbúð á þremur hæðum. **Tilboð óskast.**
Túngata 18: 89,2 m² 4ra herb. íbúð í góðu standi á 3ju hæð í uppgerðu fjölb.húsi. **Skipti á minni eign mögul. Áhv. ca. 3,5 millj. Verð kr. 6,900,000,-**

3ja herbergja íbúðir

Aðalstræti 20: 98 m² íbúð á 2. hæð t.h. í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. **Áhv. ca. 4,2 millj. Verð kr. 7,200,000,-**
Brunngata 12a: 68 m² íbúð á efri hæð, að hluta undir risi, í tvíb.húsi ásamt sér geymslu. **Áhv. ca. 1,8 millj.**
Verð kr. 3,000,000,-
Fjarðarstræti 13: 80 m² íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. Tvö aukaherbergi, eitt í kjallara og eitt í risi. **Áhv. ca. 1,5 millj.**
Verð kr. 5,700,000,-
Stórholt 7: 74,6 m² íbúð á 3ju hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. **Áhv. ca. 2 millj. Verð kr. 5,300,000,-**
Stórholt 13: 79,2 m² íbúð á 3ju hæð til hægri í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu.
Verð kr. 6,000,000,-

2ja herbergja íbúðir

Hlíðarvegur 18: 64,5 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Áhv. ca. 1,7 millj. Tilboð óskast**
Túngata 18: 53,4 m² íbúð á jarðhæð í nýlega uppgerðu fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu.
Verð kr. 4,300,000,-
Túngata 20: 53,4 m² íbúð á 3. hæð í fjölb.húsi í góðu standi. Húsið nýlega gert upp að utan. **Áhv. ca. 2 millj.**
Verð kr. 4,900,000,-
Urðarvegur 78: 73,2 m² íbúð á 3ju hæð f.m. í fjölb.húsi ásamt sér geymslu. Íbúðin er laus strax. **Áhv. ca. 2,7 milj. Öll tilboð skoðuð.**
Verð kr. 5,000,000,-

Seljalandsvegur 4a:

96,1 m² einbýlishús á 3 hæðum ásamt **eignarlóð. Nýtt þak, húsið tekið í gegn að utan, góðir möguleikar á fjölgun herbergja. Verð kr. 5,200,000,-**

Bolungarvík

Vitastígur 9: 150 m² sér íbúð, gerð úr tveimur íbúðum á efri- og neðri hæð í 4ra íbúða húsi. **Sér inngangur. Falleg lóð. Verð kr. 6,700,000,-**
Búðarkantur 2: 205 m² Lager/atvinnuhúsnæði á **góðum stað við höfnina, byggt úr stálgrind, járnklætt og einangrað.**
Verð kr. 10,000,000,-

Fjórðungssambandið mótmælir hækkunum á þungaskatti

Geta numið á annan tug prósenta og leiða til hækkunar vöruverðs

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga mótmælir harðlega þeim breytingum, sem samþykktar hafa verið á gjaldtöku þungaskatts og þeim hækkunum á honum sem fyrirhugaðar eru. „Breytingin leggst með verulegum þunga á þá vöruflytjendur, sem keyra á lengri leiðum. Hækkun þungaskatts getur numið hátt á annan tug prósenta og er ljóst, að fyrirtækin munu ekki geta borið þessa hækkun ein, þannig að breytingin mun leiða til gjaldskrárhækkunar þessara fyrirtækja, sem svo leiðir til hækkunar vöruverðs á viðkomandi svæðum“, segir í samþykkt stjórnarinnar.

Jafnframt hvetur stjórn Fjórðungssambansins stjórnvöld til að „leiðrétta það ranglæti, sem flest í breyttri gjaldtöku þungaskatts og tekur undir tillögur Landvara um breytingar þess efnis, að vöruflytjendur hafi val um greiðslu þungaskatts eftir mæli eða fastagjaldi.“

Fullveldisfagnaður Grunnskóla Ísafjarðar

Söngleikurinn Grease sýndur fyrir fullu húsi

Þórunn Arna Kristjánsdóttir (Sandy), Aðalbjörg Sigurjónsdóttir (Frency), Ástrún Jakobsdóttir (Jay), Svandís Lilja Egilsdóttir (Marty) og Herdís Anna Jónasdóttir (Rizzo) á sýningunni á föstudagskvöld.

Fullveldisfagnaður Grunnskóla Ísafjarðar var haldinn í sal skólans sl. föstudagskvöld. Stærsta atriðið á fagnaðinum var sýning á söngleiknum Grease, sem byggður er á kvikmyndinni frægu með John Travolta. Hátt í þrjátíu manns taka þátt í sýningunni með einum eða öðrum hætti, leikendur, förðunarfólk, ljósamenn o.s.frv. Á fagnaðinum voru um 250 manns og má víst segja að það hafi verið húsfyllir og jafnvel rúmlega það og tóku gestir sýningunni hið besta.

Barnasýning á leiknum var síðdegis í gær og almenn sýning í gærkvöldi. „Draumur okkar er svo að sýna milli jóla og nýárs“, sagði Brynjar Már Brynjólfsson, formaður fjáröflunarnefndar 10. bekkjar í samtali við BB, en skipulagning fullveldisfagnaðarins hvíldi að miklu leyti á hans herðum. Af atriðum á fagnaðinum má nefna, auk sýningarinnar á Grease, hátíðarræðu formanns nemendaráðs, Hörpu Henrýsdóttur, og danssýningu undir stjórn þýskrar stúlku, Marion Frischeisen, skiptinema við FVÍ, sem jafnframt hefur unnið við Félagsmiðstöðina á Ísafirði og í Bolungarvík.

„Við fengum handritið frá Borgarleikhúsinu“, sagði Brynjar Már. „Hugmyndin að þessu kom upp á vinabæjamóti á Túnsbergi (Tönsberg) í Noregi, sem sex nemendur úr 10. bekk fóru á í haust. Leikstjóri er Haukur Már Helgason, kennari við GÍ. Undirbúningurinn hófst þegar í september með ýmiskonar upphitunaræfingum og spunaverkefnum, en handritið fengum við í byrjun október. Jafnframt stóð til að fá þá geisladisk frá Skífunni með karaokeútgáfu af söngleiknum, en hann kom ekki fyrr en um mánuði fyrir frumsýningu. Þá var byrjað að æfa verkið á sviði með söng og öllu tilheyrandi. Síðustu dagana æfðum við liggur við nótt og dag. Á miðvikudaginn vorum við t.d. á æfingu hér í skólanum allt til miðnættis – og svo varð þetta að veruleika á föstudaginn“, sagði Brynjar Már, sem má vera hæstánægður með útkomuna, eins og aðrir sem að sýn-ingunni standa.

Ingvar Alfreðsson (Danny), Brynjar Már Brynjólfsson (Kenicke), Ásgeir Guðmundsson (Roger), Gísli Rúnar Harðarson (Sonny) og Ómar Árni Jónasson (Doody).

20% afsláttur af gardínuefnum til 12. desember

baðstofan Ísafirði

Aðalsteinn Gunnarsson vélsmiður stendur hér við logsuðu á listaverki hjá Steinum og málmum á Þingeyri, en greint var frá því nýja og merkilega fyrirtæki í síðasta blaði. Af frásögninni þar mátti skilja, að Aðalsteinn væri starfsmaður hjá eigendum fyrirtækisins, en mergurinn málsins er sá, að Steinar og málmar eru í eigu þeirra Aðalsteins og Ragnheiðar Ólafsdóttur. Makar þeirra eru síðan í vinnu hjá þeim þegar svo ber undir.

Bílskúrinn að Aðalstræti 51 á Þingeyri er fullur af margvíslegum tækjum og vélum til steinaslípunar og hvers konar vinnslu og mörg af þeim tækjum hefur Aðalsteinn einmitt smíðað sjálfur.

Á línunni hjá Hlyni Þór

Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri

„Við hjónin lögðum okkar af mörkum“

Hver er helsti munurinn á því að vera bæjarstjóri á Ísafirði og á Akureyri?

Segja má, að það séu mismunandi verkefni sem við er að glíma hverju sinni. Þau eru mjög breytileg á milli staða.

Finnurðu einhvern mun á pólitíkinni á Ísafirði og á Akureyri? Er hún mildari fyrir norðan?

Nei, pólitíkin er ekki svo ýkja frábrugðin. Hins vegar eru málefnalegri umræður hér en var t.d. fyrir vestan. Munurinn er kannski helst sá, að menn ræða hlutina með öðrum hætti.

Skynsamlegri hætti fyrir norðan?

Það má alltaf deila um, hvort skynsamlegra sé að ræða hlutina á rólegri nótunum eða vera með hasar í kringum þá. Það verður hver að velja sér þann stíl sem honum hentar. Stundum getur verið ástæða til að ræða hlutina með málefnalegri hætti en oft er gert, og svo öfugt. Menn verða að vera tilbúnir að nálgast málefnin frá mismunandi sjónarhornum.

Finnst þér betra að starfa á Akureyri en hér?

Nei, ég kann alls staðar vel við mig ef ég hef nóg verkefni. Og þau eru næg hér eins og þau voru fyrir vestan. Að því leyti er ekki um sérstaka breytingu að ræða.

Nú hefur komið fram í fréttum, að fimmtán þúsundasti Akureyringurinn sé „í hættu“. Hyggjast bæjaryfirvöld bregðast við þessu með annað hvort almennum aðgerðum eða hver maður með sértækum hætti?

Sjálfur get ég engu lofað um að bregðast við með sama hætti og ég gerði fyrir vestan! Þar lögðum við hjónin vissulega okkar af mörkum. En þetta er í sjálfu sér ekki spurning um fimmtán þúsundasta Akureyringinn. Málið er, að landsbyggðarfólk er að greiða atkvæði með fótunum, hvað sem atkvæðavægi í þingkosningum líður. Í þessum slag er enginn einn staður umfram aðra sem á undir högg að sækja.

Þú og fjölskylda þín hafið það gott þarna nyrðra...

Já, við eigum gott samneyti við allt og alla, eins og vera ber. Rétt eins og fyrir vestan. Þar áttum við fína daga.

Að síðustu bað Kristján Þór Júlíusson fyrir bestu kveðjur vestur.

Fallegar jólagjafir!

Fjölbreytt úrval af úrum. Verð frá kr. 1.500.- til 118.000.- Ný sending af G-Shock úrum.

Fontenay úr
Verð frá kr. 12.990.-

Kr. 6.800.-

Kr. 3.200.-

Herra armbönd
með og án plötu,
Skartgripasett
úr gulli og silfri,
Skírnargjafir,
Skartgripaskrín,
Hnífaparasett,
Bakkar og kökudiskar,
Kristalvörur,
Kertastjakar
Vegg- og borðklukkur

Diskar og plattar úr handmáluðu postulíni með myndum af heimsfrægum listaverkum eftir Monet, Klimt, Renoir, Van Gogh og Macke

Axel Eiríksson úrsmiður
Aðalstræti 22, Ísafirði, sími 456 3023
Álfabakka 16, Reykjavík, sími 587 0706

COMPAQ Presario
-slær öllum við



15" hágæða skjár
333 Mhz AMD K-6 örgjörvi
48 MB vinnsluminni
3.8 Gb harður diskur
4 Mb ATI Rage Pro 3D skjákort
32X geisladrif
JBL Dolby Surround hátalarar
56K innbyggt mótald
Windows 98 stýrikerfi
MS Word 97 ritvinnsla
3 mán. áskrift að Internetinu o.fl.

Kostakaup á 121.900,-
Takmarkað magn í boði

Vissirðu að í Snerpu færðu allt til skrifstofunnar?
Við seljum nú t.d. strokleður, blýanta, heftara, skjalamöppur, stílabækur, reglustikur, fylgiskjalablokkir, skýrslublöð, hlífðarplöst, teikniblokkir, reiknivélapappír, kassastrimlar, posastrimlar, posaprentborðar, áherslutúss, bréfaklemmur, töflutúss, skjalahirslur, faxpappír, skæri og margt fleira.

SNERPA ehf
MÁNAGATA 6 - ÍSAFJÖRÐUR
SNERPA@SNERPA.IS - 456-5470

Guðmundur Níelsson „Stones-áhugamaður" færir Ólafi Helga Kjartanssyni gítar að gjöf.

Rolling Stones-kvöld í Sjallanum

SVONA EIGA SÝSLUMENN AÐ VERA

Eldheitir aðdáendur hljómsveitarinnar The Rolling Stones komu saman í Sjallanum á Ísafirði sl. laugardagskvöld og lyftu anda sínum í hæðir við tónlist hinna síungu tónlistarmanna, sem eru reyndar búnir að vera á fullu síðustu þrjátíu og sex árin og vel það.

Stones-kvöldið í Sjallanum hófst með því, að ókrýndur páfi og helsti áhugamaður og sérfræðingur um The Rolling Stones á Íslandi, Ólafur Helgi Kjartansson sýslumaður á Ísafirði, flutti dálitla tölu um hljómsveitina. Einnig gat hann sérstaklega dugnaðar og eljusemi Guðmundar Níelssonar málarameistara á Ísafirði við að koma þessum viðburði í framkvæmd.

Síðan horfðu menn (og hlustuðu) á svolítil myndbandabrot frá tónleikum The Rolling Stones, áður en kom til kasta hljómsveitar sem ekki er vitað til að beri neitt nafn, en hún lék ein níu lög The Rolling Stones. Hljómsveitina nafnlausu skipuðu þeir Kristinn Níelsson, skólastjóri Tónlistarskólans á Flateyri, Sigurður Friðrik Lúðvíksson, tónlistarkennari á Ísafirði, Guðmundur Hjaltason, tónlistarmaður m.m. á Ísafirði, og Jón Svanberg Hjartarson, lögreglumaður og trommuleikari frá Flateyri. „Hljómsveitin var alveg þrælgóð", eins og einn Stones-unnandinn komst að orði og væntanlega hafa aðrir tekið undir það í huganum, hafi þeir ekki gert það upphátt.

Eftir að þessi fjögurra manna hljómsveit hafði leikið prógramm sitt komu menn úr salnum og sungu nokkur lög með henni. Ólafur Helgi Kjartansson söng tvö lög, fyrst Dead Flowers, sem hljómsveitin hafði áður leikið, og síðan alveg óundirbúið lagið I Can´t Get No Satisfaction, en með því lagi slógu The Rolling Stones endanlega í gegn árið 1965, eða fyrir réttum þriðjungi aldar. Þá voru The Rolling Stones þriggja ára gamlir (þ.e. hljómsveitin). Einnig tók Hilmar Elvarsson lagið með hljómsveitinni í Sjallanum.

Að sögn kunnugra mun þetta hafa verið í fyrsta sinn, sem núverandi sýslumaður á Ísafirði syngur opinberlega með hljómsveit.

Það bar til á fagnaði þessum, að Guðmundur Níelsson færði Ólafi Helga að gjöf rafmagnsgítar með áletruninni *Ólafur Helgi 1998* ásamt tungunni frægu, sem sem Andy Warhol málaði á sínum tíma og hefur lengi verið einkennismerki The Rolling Stones. Væntanlega er tungan í Mick Jagger að einhverju leyti kveikjan að verki Warhols, en öðrum þræði mun tunga þessi komin úr indverskri goðafræði. Skilyrði fyrir gjöfinni var það, að Ólafur yrði búinn að læra gripin að Satisfaction fyrir næsta Rolling Stones-kvöld. Hann mun þegar vera búinn að semja við tiltekinn gítarleikara um tilsögn.

Nú er að bíða og sjá hver árangurinn verður.

Ólafur Helgi tekur lagið með hljómsveitinni. Á myndinni er einnig Kristinn Níelsson gítarleikari.

Hjálmar Björnsson í góðum „fíling" á meðan hann hlustar á Kristínu Hálfdánardóttur.

Kristinn Níelsson og Guðmundur Hjaltason taka eitt af þeim fjölmörgu Stones-lögum sem þeir fluttu ásamt hljómsveitinni á laugardagskvöld.

JÓLASKAP!

Bökum!

Útikerti
kr. 85.-
pr. stk.

Seríur
Jólaslöngur
Gluggaskraut

METRÓ - Áral ehf.
Mjallargötu 1 • 400 Ísafjörður • Sími: 456 4644 • Fax: 456 4680

Sumir hlutir breytast aldrei!

Melka
MENSWEAR

Stretch
Flauelsbuxur
Ullarbuxur

Skyrtur
Bindi
Peysur
Jakkar

Tilvalið í
jólapakkann

JÓN og GUNNA
Ljóninu, Skeiði, Ísafirði, sími 456 3464

Maður sem hefur komið víða við

– samtal við Snorra Grímsson, stúdent í fyrsta árgangi MÍ, leiðsögumann, formann foreldrafélagsins og afgreiðslumann í Ríkinu á Ísafirði

Það eru um fjögur ár síðan Snorri Grímsson fór í brennivínið, þ.e. gerðist afgreiðslumaður í Ríkinu á Ísafirði. Annars hefur sá maður komið ákaflega víða við. Svo eitthvað sé nefnt, þá var hann í fyrsta stúdentaárgangi Menntaskólans á Ísafirði. Hann hefur (ekki endilega í þessari röð) unnið á Hótel Sögu, stundað kennslu á Ísafirði og í Hrísey, unnið verkamannavinnu og í frystihúsi, numið frönsku, rekið billiardstofu, lagt stund á ferðamálafræði í Englandi og verið á vertíð í Grindavík. Hann var fastur starfsmaður Ferðaskrifstofu Vestfjarða í fjögurfimm ár, stundaði nám í Póst- og símaskólanum, vann hjá póstinum á Ísafirði í tæp tvö ár og var í þrjú ár vistarvörður á heimavist MÍ ásamt Árnýju Herbertsdóttur eiginkonu sinni. Hann var fyrsti blaðamaðurinn sem ráðinn var að Bæjarins besta í árdaga. Og hann er formaður Foreldrafélags Grunnskóla Ísafjarðar.

En síðast en ekki síst er Snorri Grímsson hundkunnugur í eyðibyggðunum norðan Djúps og þrautreyndur leiðsögumaður um þær slóðir (og miklu víðar) um fjölda ára. Hann hefur skrifað bók um gönguleiðir um það svæði og fleiri rit eru væntanleg frá hans hendi með tíð og tíma ef guð lofar.

Snorri er innfæddur Ísfirðingur en móðirin kemur norðan úr Aðalvík og faðirinn úr Steingrímsfirði. „Móðurætt mína nær maður varla að rekja út fyrir svæðið norðan Jökulfjarða fyrr en eitthvað í sjötta eða sjöunda lið. Pabbi er aftur á móti ættaður úr Breiðafirðinum“, segir hann.

Væri gaman að halda nöfnum húsanna á Ísafirði

„Ég átti heima á sömu hundaþúfunni hér á Ísafirði fram undir þrítugt, enda þótt ég hafi verið ár og ár í burtu. Við áttum heima í gömlu húsi inni á Seljalandsvegi, sem hét Gunnarshólmi, rétt þar innan við sem Urðarvegurinn kemur niður á Seljalandsveg. Þetta er þar sem kallað var inni á Stakkanesi. Við bræðurnir byggðum síðan nýtt hús á sömu lóð við hliðina á því gamla og rifum það svo. Gunnarshólmi var lítill kofi sem hafði verið fluttur þarna á staðinn og síðan verið byggt við. Á þessum tíma hétu húsin öll hvert sínu nafni. Næst fyrir utan var t.d. Skriða, sem frændi minn byggði. Ég man nöfnin á eiginlega öllum húsunum þarna inn með. Það væri gaman að halda þessum nöfnum.“

– Þú ert ratvís víðar en á Hornströndum...

„Já, það má alveg segja það.“

Herborg langamma Snorra átti á sinni tíð jörð í Miðvík í Aðalvík, en hún hafði jarðaskipti þegar eiginmaður hennar fórst í Ritnum og fluttist þá í Þverdal í Aðalvík, og átti þá jörð líklega eitthvað fram á þriðja áratug aldarinnar. „Eftir það held ég að mitt fólk hafi ekki átt neitt jarðnæði þarna, því að afi og amma voru vistráðin hér og þar í lausamennsku og reyndar dó afi rétt upp úr 1930. Þá splundraðist fjölskyldan og fór út um allt.“

Miðvíkurfólk í Aðalvík

– Þú átt rætur að rekja í Miðvík. Ertu þá í ætt við Snorra Hermannsson, Birgi Valdimarsson, Jósef Vernharðsson, Ólaf Helga Kjartansson, Óla Þ. Guðbjartsson og allt þetta fólk sem ættað er úr Miðvík?

„Já. Það er gaman að minnast þess, að fyrir nokkuð mörgum árum vorum við á svipuðum tíma í stjórn Átthagafélags Sléttuhreppinga, Snorri Hermannsson, Birgir Valdimarsson, Herborg og Jósef Vernharðsbörn og gott ef ekki Sigrún Vernharðsdóttir líka. Og við áttum öll sömu langömmuna úr Miðvík, sem var einmitt Herborg sem áður var getið. Þetta er allt náskylt. Reyndar er þetta orðin ógnarstór ætt. Ég telst að vísu til hliðargreinar, vegna þess að Miðvíkurfólkið er venjulega talið til Þorbergs og hans kvenna, en önnur þeirra var systir langömmu minnar og en hin var dóttir hennar. Hann kvæntist systurdóttur fyrri konunnar.“

Fyrsta ferðin norður

– Nú ert þú þaulreyndur fararstjóri um kjálkann norðan Djúps. Hvernig kom það til að þú fékkst áhuga á Hornströndum og Jökulfjörðum og þessu svæði öllu og fórst að ferðast þar um?

„Áhuginn vaknaði nú ekki mjög snemma. Ég var í sveit inni í Djúpi, og þá man ég að systir mín fór með foreldrum okkar norður í Aðalvík, eitthvað um það leyti sem ég var að nálgast fermingaraldur. En það var ekki fyrr en 1973, þegar ég var 19 ára, sem ég fór norður í Hornvík á gamla Fagganum í mjög fjölmennri hópferð á vegum Átthagafélags Sléttuhreppinga. Þar komum við í blindþoku á föstudagskvöldi, en þegar langt var liðið á laugardaginn sló þokunni frá litla stund, þannig að maður sá Hælavíkurbjarg. Svo dró fyrir aftur. Þann dag gengum við á Hornbjarg, þrátt fyrir þokuna, og sáum lítið nema rétt niður í bjargið. En daginn eftir fórum við að Hornbjargsvita og þá fór að greiðast úr þoku og skýjum og þá fórum við að sjá eitthvað í kringum okkur. Segja má, að þarna hafi ég byrjað að fara eitthvað að ráði um svæðið og kynnast því. Árin á eftir fór ég venjulega í ferðir átthagafélagsins, svo sem að Hesteyri, Látrum og víðar.“

Gönguleiðir á Hornströndum og Jökulfjörðum

„Svo var það eitthvað skömmu fyrir 1980, að Jósef Vernharðsson fékk mig með sér að mála slysavarnaskýli í Fljótavík og síðan að hlaða með sér vörður í samráði við Náttúruverndarráð. Upp úr því fór ég að fara eitthvað verulega þarna um og kynna mér þessar slóðir nánar. Nokkru fyrr eða 1975-76 hafði ég farið til Englands og var að læra skipulagningu ferðamála. Út frá því spannst þetta ef til vill enn meira. Í fyrstu fór ég nú lítið í ferðir fyrir ferðafélögin, heldur meira fyrir staka hópa, en á þeim tíma gerði ég tölurvert af því að útvega ferðafélögunum fararstjóra héðan. En svo kom það upp, að Örlygur Hálfdánarson, sem gaf út Landið þitt, Ísland, fékk áhuga á því að gefa út bók til hliðar við Hornstrendingabók eftir Þórleif Bjarnason, ef svo má segja, bók um þetta svæði eins og það birtist ferðamanni nú á dögum. Og þess vegna kom það til, að ég skrifaði bókina Gönguleiðir á Hornströndum og Jökulfjörðum (1984). Hún er dálítið sérstök að því leyti, að hún er ekki aðeins leiðsögurit um landsvæðið, heldur einnig um sjálfa Hornstrendingabók, því að hún er með tilvísanir í hana. Á þessum tíma hafði ég áhuga á miklu fleiru en bara að ferðast um þessar slóðir. Ég hafði jafnframt áhuga á því að kynnast sögu svæðisins og glugga líka svolítið í jarðfræðina.“

Skemmtilegasta kennslan

„Svo fór ég að fara meira í ferðir hér í nágrenni Ísafjarðar og í rútuferðir. Til dæmis var ég leiðsögumaður hjá Vestfjarðaleið í tvö sumur á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar. Þar var mjög gaman að vera og maður lærði margt. Það var skemmtilegt þegar verið var að leggja af stað úr Reykjavík og fólkið í rútunni hugsaði með sjálfu sér: Hvað er þetta gerpi að blaðra? En það kom svo í ljós, að þeir sem voru kunnugir á leiðinni höfðu nokkuð gaman af þessu. Þegar áð var á leiðinni var fólkið að taka mig tali og bætti oft við vitneskju mína og leiðrétti mig. Þetta er skemmtilegasta kennsla sem ég hef fengist við og af þessu lærði ég líka sjálfur ákaflega mikið.“

– „Gönguleiðirnar“ eru eina bókin sem enn hefur komið frá þinni hendi...

„Já, reyndar hefur verið hugmyndin að reyna að gefa hana út á ný og þá í eitthvað breyttu formi. Við höfum talað okkur saman við Gísli Hjartar – „við þurfum að einhenda okkur í þetta“, eins og hann orðaði það um daginn – að tvinna saman það sem við höfum gert í þessu. Það sem hann hefur skrifað hefur mest komið út í ritum Útivistar. En aftur á móti hefur lengi verið í smíðum hjá mér bók eða bækur í svipuðum anda, sem ekki hefur ennþá orðið úr að koma út.“

Gísli Hjartar og ferðafélögin tvö

– Nú eruð þið Gísli báðir gamalreyndir fararstjórar um þessar slóðir. Er enginn metingur milli ykkar?

„Ég hef að minnsta kosti ekki fundið fyrir því. Það er gaman að segja frá því núna þegar svo langt er um liðið, ætli það séu ekki um fimmtán ár, en þá vorum við báðir staddir í Hornvík, hvor með sinn hóp, Gísli á vegum Ferðafélags Íslands og ég á vegum Útivistar. Á þeim tíma var verulega mikill rígur á milli Ferðafélagsins og Úti-

vistar. Við erum að spjalla saman og ég held að það hafi verið Gísli sem stakk upp á því, hvort ekki væri rétt að við færum bara saman með hópana út í Hvannadal. Ég hélt að það væri bara ágætt. Gísli fór síðan fyrir en ég á eftir og ég held að enginn hafi verið ósáttur við þetta, nema hvað mér skildist að forysta Ferðafélagsins hafi ekki verið neitt sérlega ánægð með þetta."

Þegar Vigdís var kosin

„Að fara fyrir hópum byrjaði upp úr námi mínu í Englandi. Ég vissi að hér á Ísafirði hafði verið deild í Ferðafélagi Íslands. Ég endurlífgaði hana og hún tóróti í nokkur ár en sofnaði aftur. Það vill helst enginn standa í fyrirsvari í svona löguðu, þótt fólk vilji fara í stöku ferðir. Ég man sérstaklega eftir einni ferð sem við fórum helgina þegar Vigdís Finnbogadóttir var kosin forseti árið 1980. Við fórum í Skálavík og gengum undir Öskubak út í Keflavík að Galtarvita. Veðrið á laugardeginum var mjög gott og sólarlagið fagurt, en á sunnudagsmorguninn var alveg mígandi rigning, þannig að segja má að við höfum verið rekin heim til að kjósa. Svo lagaðist veðrið aftur þegar leið að kvöldi. En það er varla fyrr en Ferðaskrifstofa Vestfjarða verður til, sem ég fer að stunda þetta að einhverju ráði á launum.

Ég reyndi svo aftur að lífga Ferðafélag Ísafjarðar við, en þá lifði það afskaplega stutt. En upp úr námskeiði fyrir svæðisleiðsögumenn hér vestra fyrir tveimur-þremur árum var það lífgað enn á ný og þá nefnt Ferðafélag Ísfirðinga, en það er miklu víðtækara og nær yfir allar Ísafjarðarsýslur. Hins vegar hefur það ekki heldur gengið nógu vel, þó að síst ætti að sitja á mér að gagnrýna það."

Aftur í barnaskólann

Snorri lauk landsprófi 1970 og þá passaði fyrir hann að fara aftur í gamla barnaskólahúsið á Ísafirði, því að þá um haustið tók Menntaskólinn á Ísafirði til starfa og var þar til húsa. „Ég var þar hjá Jóni Baldvin og Bryndísi og var í fyrsta árgangi stúdenta sem útskrifuðust héðan. Ég kunni þeirri skólavist vel, þótt um það megi deila hversu mikið maður hafi notað það nám. Samt held ég að ég hafi haft gott af því. Okkur Bryndísi kom ekkert sérlega vel saman í fyrstu. Við vorum þá saman í bekk, við Gísli Ásgeirsson frá Þúfum í Vatnsfjarðarsveit, sem nú er kennari í Hafnarfirði. Við vorum oft að kjafta saman í tímum og með alls konar vitleysu. Við tókum okkur til og skrifuðum bréf, hvor fyrir sig, og fengum aðra nemendur til að skrifa upp á, að við værum bekkjarvitleysingar. Loks var farið á kennarastofuna og þar átti að fá Bryndísi til að skrifa undir. Hún leit þetta mun alvarlegri augum en við og kallaði okkur á fund á skrifstofu skólameistara, þar sem málið var rætt fram og aftur. Og út úr því kom að við urðum hinir bestu vinir."

Bryndís og skólafélagarnir

„Ég hef aldrei náð viðlíka samkomulagi við nokkurn kennara og Bryndísi, þegar ég fékk að sleppa við öll leiðinlegu, skriflegu málfræðiverkefnin. Ég kunni þetta allt og mér fannst þetta bara vera tímafrek handavinna. Það varð að samkomulagi, að á meðan hún gæti ekki rekið mig á gat í tímum, þá fengi ég að sleppa við verkefnin. Samningurinn stóð hið besta og ég var mjög ánægður með það. Í fyrsta stúdentahópnum voru ýmsir heimamenn sem eru hér enn, og einnig nokkrir sem komu hingað í skóla og búa hér ennþá. Meðal skólasystkina minna alveg frá því í barnaskóla og til stúdentsprófs man ég sérstaklega eftir Einari Hreinssyni, Kristjáni G. Jóhannssyni, Margréti Gunnarsdóttur og Bjarna Jóhannssyni. Á meðal samstúdenta minna var líka Einar Jónatansson úr Bolungarvík, og af þeim sem komu hingað í Menntaskólann og hafa ílenst hér man ég eftir Ingu Dan og Herdísi Hübner, en sjálfsagt eru það fleiri. Þetta var mjög sérstakur tími, að taka þátt í því að búa til nýjan skóla. Hann var ekki fjölmennur og þess vegna var mjög náið samband milli nemendanna og einnig milli nemenda og kennara.

Ég hafði hug á því að fara í hótelskóla í Sviss og veturinn eftir stúdentspróf vann ég á Hótel Sögu og sótti jafnframt frönskutíma. Ég fékk inni í skólanum, en námskostnaðurinn var svo mikill að það var ekki nokkur leið fyrir mig og Lánasjóður námsmanna gat ekki gefið neitt ákveðið svar við því til eða frá, hvort þetta nám væri lánshæft. Þannig að ekkert varð úr þeim draumi."

Tilvera okkar er undarlegt ferðalag

„Þegar ég hætti við hótelskólann í Sviss fór ég í ferðamálaskóla í Bournemouth í Englandi. Þá kom Lánasjóður námsmanna aftur eftirminnilega við sögu og ég treysti mér ekki til að vera þar nema einn vetur. Ég kom aftur heim til Ísafjarðar og vann um tíma sem verkamaður í bæjarvinnunni og einnig hjá Íshúsfélaginu, en í millitíðinni fór ég norður í land og kenndi einn vetur í Hrísey. Þá fór ég meðal annars að fást svolítið við leiklist. Við sýndum víða, m.a. í Grímsey, og þar var aðsóknin meira en 100% – sýningargestir voru fleiri en allir eyjarskeggjar. Ég held ég megi segja að ég hafi aldrei ferðast á jafn margvíslegan máta og á leiðinni þaðan aftur. Fyrst sat ég á kerru aftan í dráttarvél niður á bryggju og fór þaðan um borð í vitaskipið Árvakur, í Hrísey hljóp ég heim og skipti um föt, fór síðan með ferjunni Sævari, sem var lítill trébátur, upp á Árskógssand, þaðan með bíl til Akureyrar, þaðan með flugvél til Reykjavíkur og loks með strætisvagni til systur minnar uppi í Árbæ. Það vantaði bara hestinn!"

Í sveit í Svansvík

Frá átta ára aldri var Snorri í sveit á hverju sumri í mörg sumur í Svansvík í Djúpi. „Til þess tíma má rekja það, að ég fór að safna dálítið holdum yfir veturinn, en áður hafði ég verið alveg grindhoraður. Ég hljóp um allt í sveitinni og hafði mikið þol og át náttúrlega í samræmi við það. Svo kom ég heim á haustin og þá minnkaði hreyfingin mikið, en ég hélt áfram að éta eins og áður. Núna á seinni árum er ég farinn að átta mig á því, að inni í Djúpi er gósenland fyrir gönguferðir."

Kynntist konunni í gönguferð á Ströndum

Snorri stundaði kennslu nokkur ár, m.a. við Iðnskóla Ísafjarðar, „en eftir að hann færðist undir Framhaldsskóla Vestfjarða gat ég ekki gengið að kennslunni vísri, þar sem ég hafði bara stúdentspróf og ekki kennararéttindi." Hann starfaði hjá póstinum á Ísafirði um tvö ár og fór í Póst- og símaskólann. Einnig fór hann í leiðsögunám og var þá jafnframt á vertíð í Grindavík. Þá var hann búinn að kynnast konunni sinni, Árnýju Herbertsdóttur ljósmyndara, sem hefur rekið Ljósmyndastofuna Myndás á Ísafirði í meira en áratug. „Þabbi hennar er Vestfirðingur, mamma hennar Austfirðingur en sjálf er hún fædd og alin upp fyrir sunnan. Svo fluttumst við norður þegar við byrjuðum að búa. Við erum reyndar náskyld, pabbi hennar og mamma mín eru systkini, en við þekktumst ekkert og kynntumst ekki fyrr en í gönguferð norður á Ströndum."

Þau hjónin ráku um skeið billiardstofu á Ísafirði ásamt öðrum hjónum, en sá rekstur gekk ekki sem skyldi, og má segja að eitt af því sem úrslitum hafi ráðið hafi verið þegar skipt var um aksturs-stefnu í einstefnugötunum á Eyrinni.

Formaður Foreldrafélags Grunnskóla Ísafjarðar

Snorri Grímsson er formaður Foreldrafélags Grunnskóla Ísafjarðar. Hann sóttist ekki eftir því, heldur telur hann það þegnskyldu sína sem faðir þriggja barna í Grunnskólanum að taka þátt í því starfi. Reyndar er ekki langt hjá formanninum og börnum hans í skólann, því að fjölskyldan býr á Heklunni (Aðalstræti 33), beint á móti skólanum. Hann lítur svo á, að vandamálin hjá unglingunum megi í mörgum tilvikum rekja til hinna fullorðnu. Hvað ungur nemur, gamall temur, segir máltækið. Fyrirmyndir barnanna og unglinganna eru einmitt hinir fullorðnu.

Tilkoma bjórsins hefur haft bæði jákvæðar og neikvæðar afleiðingar, að mati Snorra. „Að sumu leyti virðist bjórinn hafa orðið til þess, að minna er um stórfelldar drykkjusamkomur en áður var. Á hinn bóginn hefur hann vafalaust leitt til meiri drykkju barna og unglinga." Snorri gagnrýnir skipulag útivistartíma barna og unglinga – og ekki síður „útivistartíma" fullorðna fólksins. „Á Íslandi eru nánast allir skemmtistaðir næturklúbbar."

Í Ríkinu

Í tengslum við starf sitt í Ríkinu á Ísafirði hefur Snorri farið á smökkunarnámskeið til þess að verða hæfari að leiðbeina viðskiptavinunum. Annars er hann lítt hneigður til áfengisdrykkju, þó að hann „smakki það" einstöku sinnum. Því má segja að í hans tilviki hafi ekki verið ráðinn minkur til starfa í hænsnabúi, eins og einhver komst að orði.

Að sumu leyti má það virðast sérkennileg staða, að hafa atvinnu sína af áfengissölu og vera jafnframt formaður foreldrafélags í grunnskóla, þar sem eitt af viðfangsefnunum hlýtur að vera barátta gegn áfengisneyslu. Það hefur komið fyrir Snorra, að afgreiða ungling undir lögaldri. Í fyrsta sinn framvísaði viðkomandi unglingur einhverju skírteini sem var falsað eða fengið að láni, og eftir það þekktu afgreiðslumennirnir hann og báðu hann ekki um skilríki. Svo kom lögreglan í eftirlitsferð í verslunina og bað piltinn að sýna ökuskírteini, enda var hann á bíl. Þegar hann sýndi skírteinið kom í ljós, að hann hafði ekki aldur til að mega kaupa áfengi.

Sextán síðna litprentaðri jólagjafahandbók BB verður dreift í öll hús á norðanverðum Vestfjörðum, föstudaginn 11. desember.

Kópavogur! - ...

Þessi orð eru rituð í upphafi fullveldisdagsins 1. desember 1998. Nú eru hvorki meira né minna en 80 ár frá því Ísland öðlaðist fullveldi. Um er að ræða merkasta áfangann í baráttunni fyrir frelsi og sjálfstæði íslensku þjóðarinnar. En hvernig hefur okkur miðað þessi 80 ár? Nú eru Íslendingar nærri 275 þúsund, en héldu fullveldisdaginn í skugga spönsku veikinnar, fámenn og hnípin þjóð í vanda en með stóra drauma. Sumir hafa ræst.

En bera Íslendingar enn sömu vonir og þrár í brjósti og fyrir síðustu aldamót, þegar leiðin gat ekki legið annað en upp á við, fram á veginn? Vísast mætti halda því fram, en hraðinn og kröfur nútímans eru með þeim hætti að börn, sem nú alast upp gera sér enga grein fyrir hugtakinu þjóðernisvitund. Sjónvarpið hefur gegnið af henni dauðri. Veruleikinn er í sjónvarpinu og fjölmiðlunum, að ógleymdum kvikmyndahúsunum.

Í raun hefur sjálfstæðisbarátta Íslendinga snúist um að ná tökum á fjárhag þjóðarinnar, sem gjarnan vill eyða meiru en hún aflar. Í þeim tilvikum koma einnig upp raddir um ójafna skiptingu gæðanna. Svo hefur alltaf verið og litlar líkur á því, að kennisetningar „mannvina", sem kenndu sig við sósíalisma og eru löngu dauðir, breyti þar nokkru um. Framtíð þjóðarinnar og sjálfstæði byggist á því að fólk vilji búa hér, það er á Íslandi, og þá undirstrikað Íslandi öllu.

....- næsti bær...

Enn hallar á landsbyggðina gagnvart höfuðborgarsvæðinu. Þangað flytja fleiri en þaðan. Kannski er þetta óumflýjanleg þróun. En um ágæti hennar eru menn fráleitt sammála. Enda er það svo, að til lengri tíma verður byggð, sem einungis nýtir lítinn hluta landsins, mörgum annmörkum háð. Ísland verður erfitt til byggðar ef bróðurpartur þjóðarinnar býr á suðvesturhorninu, en vill njóta alls þess sem landið býður þegar þeim hentar, án byggðar þar. Hver á að sjá um þjónustu, löggæslu samgöngur og viðhald nauðsynlegra mannvirkja.

Norðvestursvæðin í Kanada eru mjög strjálbýl, en búa við veðurfar sem heldur flestum frá. Sama er ekki uppi á teningnum á Íslandi. Og nú bætast þeir við sem telja að andlegri og líkamlegri velferð sinni sé best borgið með því, að hálendið verði ekki snert, að minnsta kosti ekki landsmönnum til aukinnar velmegunar allra. Um það sjónarmið að vernda hálendið eru margir sammála og sumir svelta sig fyrir málstaðinn.

Á sama tíma flykkist fólk til Kópavogs. Þar er greinilega betra að búa, en í Reykjavík. Enda er svo komið að borgarstjórn Reykjavíkur er nú að verða fremst í skattlagningu íbúa sinna, gagnstætt því sem áður var, að skattleggja íbúana mildilega og ganga á undan með góðri fjármálastjórnun. En sjálfsagt eru vandamálin mörg. Enn mun fjölga í Kópavogi ef fram fer sem horfir.

Þar er mikil uppbygging enda kallar nýkjörið þingmannsefni sjálfstæðismanna í Reykjaneskjördæmi og forystumaður í bæjarmálum Kópavogs á hærri tekjuskatta til ráðstöfunar fyrir sveitarfélögin. Hann lýtur greinilega með mikilli velþóknun yfir Fossvogslækinn og vill skattleggja íbúana hærra en nú er, eins og gert er hinu megin við lækinn.

Gríðarlegar fjárfestingar sveitarfélaganna í hinum gamla Seltjarnarneshreppi segja sína sögu um framtíðina. Fyrr eða síðar mun íbúunum ofbjóða og fara annað.

...við útlönd!!

En vart munu íbúarnir snúa aftur út á land. Ungt fólk sem ekki veit hvað þjóðernishyggja er fer tæpast út á land, að óbreyttu. Það lýtur til útlanda og spyr sjálft sig og aðra hvar best verður að búa annars staðar en á Íslandi. Nú á ungt vel menntað fólk sem betur fer mikla möguleika á því að geta fengið vinnu við sitt hæfi á Evrópska Efnahagssvæðinu, sem mun stækka á næsta áratug. Þeir sem minna mega sín sitja heima.

Þetta er ekki fagur spádómur, En með honum er í raun verið að segja að Kópavogur, þessi uppgangsbær, sé orðinn næsti bær við útlönd. Þar mun fólki fjölga á suðvesturhorninu eitthvað á næstunni, áður en þeir sem geta flutt beint af landsbyggðinni til útlanda taka upp þann háttinn.

Hvar verður þá fullveldi Íslends og Íslendinga komið? Það er hætt við því að þeir sem eftir sitja geti haft hálendið fyrir sig soltnir eða saddir. Skiptir þá væntanlega engu hvort þeir svelta sig af misskildum hugsjónaástæðum eða fá ekki að eta af öðrum og verri ástæðum.

Hugsjónir ungs fólks á Íslandi mættu rísa hærra en svo að svelta sig um jól, en ljúka þó föstunni fyrir áramótagleðina. Aldamótamennirnir og –konurnar, sem gerðu sér vonir um gott og fagurt mannlíf myndu sennilega hrista höfuðið hraustlega yfir því hvernig komið er.

Menntun, fullveldi, heilbrigði fyrir allt eru góð og göfug markmið. En til þess að þau verði að veruleika er fé nauðsynlegt. Auðlindir landsins eru undirstaða þess að svo verði. Stjórnmálamenn verða að finna milliveginn, sem hentar. Nægir ekki landauðnarpostulum að fara til Djúpavíkur og horfa á hús í auðn og finna engan í nágrenninu?

Nóg er auðnin í fyrrverandi byggð á Íslandi, svo ekki þurfi að skerða kjör komandi kynslóða.

Til hamingju með fullveldið 80 ára.

Stakkur.

Einar Halldórsson, Örn Ingólfsson, Gunnar Þórðarson og Tryggvi Guðmundsson voru á meðal gesta í reisugildinu.

Nýja skíðalyftan á Seljalandsdal

Haldið upp á steypu-lokin með gúllassúpu

Gildi var haldið í Skíðheimum á Seljalandsdal sl. laugardagskvöld og var þar boðið upp á gúllassúpu og góða drykki og tókst fagnaðurinn með ágætum. Tilefnið var að búið er að steypa allar undirstöður fyrir nýju skíðalyftuna. Steypt hefur verið síðustu 7 helgar, en staurarnir verða sjö og hafa verið steyptar undirstöður fyrir einn staur hverju sinni. Alls hafa farið um 60 rúmmetrar af steypu í undirstöðurnar. Kjarninn í steypuvinnunni hafa verið um sjö manns, en auk þeirra hafa tæknimenn komið að verkinu. Þetta hefur verið ákaflega ströng vinna, og segja sumir að steypumennirnir hafi farið hver í sína vinnu á mánudögum til þess að hvíla sig milli helga.

Að sögn Tryggva Guðmundssonar, eins af frumkvöðlum verksins, er nú verið að smíða sjálfa staurana í Skipasmíðastöðinni hf. á Ísafirði og eru nokkrir járniðnaðarmenn að því starfi. Síðan verða staurarnir sandblásnir og zinkaðir, þannig að ekki þurfi að mála þá á hverju ári. Þeir verða væntanlega settir á sinn stað kringum áramót, og verður það gert í einum áfanga þegar þar að kemur, enda mun það taka tiltölulega skamman tíma. Súpan með gúllasinu rann ljúflega niður í maga gildisgesta í Skíðheimum og menn gerðu sér jafnframt í hugarlund hversu ljúft yrði að renna sér niður aftur eftir að hafa farið upp með hinni nýju lyftu.



Þar voru einnig þeir Ásgeir Guðbjartsson skipstjóri og Ingólfur Eggertsson í Póls.

Þessir kappar hafa lagt sitt af mörkum við uppsetningu lyftunnar. F.v. Þröstur Jóhannesson, Magnús Helgason, Sigmundur Annasson, Hafsteinn Sigurðsson og Annas Sigmundsson.

Hjónin Inga Ósk Jónsdóttir og Hálfdán Ingólfsson flugstjóri voru á meðal þeirra sem fögnuðu áfanganum.

Ísfirðingar — Vestfirðingar!

Værðarvoð er góð jólagjöf
Verð frá kr. 2.900.-

Fallegir jóladúkar í mörgum stærðum

Ný sending af jólaefnum!

GARDÍNUBÚÐIN

Hafnarstræti 8, Ísafirði, sími 456 3430

Vorum að taka upp mikið úrval af kjólum, pilsum, toppum og margt, margt fleira

Fyrir utan venjulegan opnunartíma, verður opið sem hér segir í desember:

Laugardaginn 5. desember kl. 10-16
Laugardaginn 12. desember kl. 10-18
Laugardaginn 19. desember kl. 10-22
Þriðjudaginn 22. desember kl. 10-21
Miðvikudaginn 23. desember kl. 10-23
Fimmtudaginn 24. desember kl. 10-12

Ath!
Opið í hádeginu í desember

Basil

Hafnarstræti 14
Sími 456 5210

MEÐ KENNARAPRÓF Í FISKVINNSLU Á VESTFJÖRÐUM

– RÆTT VIÐ LIDIU NAWROCKA FRÁ PÓLLANDI OG ÍSFIRSKAN SAMBÝLISMANN HENNAR UM MISMUNINN Á LÍFINU Í PÓLLANDI OG Á ÍSLANDI

Í notalegri íbúð í fjölbýlishúsi í Króknum á Ísafirði búa þau Lidia Nawrocka frá Póllandi og Fjölnir Már Baldursson verslunarmaður. Næsta hús handan götunnar er reyndar hraðfrystihús Íshúsfélags Ísfirðinga, þannig að ekki er langt í vinnuna fyrir Lidiu eftir að hún fór að starfa þar, en áður vann hún í Hraðfrystihúsinu í Hnífsdal. Sambúð þeirra Lidiu og Fjölnis hefur staðið á þriðja ár og senn er von á fjölgun á heimilinu, þannig að hún er nú komin í barnsburðarleyfi úr Íshúsfélaginu. Lidia er meðal þeirra fjölmörgu Pólverja, sem komið hafa til Vestfjarða á liðnum árum úr atvinnuleysinu heima og hafa að margra áliti hreinlega bjargað fiskvinnslunni hér.

Lidia Nawrocka og Fjölnir Már Baldursson.

Lidia Nawrocka er 36 ára að aldri en lítur vissulega út fyrir að vera miklu yngri. Hún er barnakennari að mennt og kom til Íslands frá Póllandi fyrir fjórum árum ásamt sex öðrum konum, gagngert til að vinna hér í fiski. Fyrstu þrjú árin starfaði hún í Hnífsdal en síðasta árið hefur hún unnið á Ísafirði. Lidia er frá baðstrandarbænum og ferðamannabænum Sopot á Eystrasaltsströnd Póllands, milli hafnarborganna Gdansk og Gdynia.

Við setjumst að expressó-kaffi á hlýlegu og vistlegu heimili Lidiu og Fjölnis Más við Fjarðarstrætið og ræðum einkum um muninn á Íslandi og Póllandi og lífinu og kjörunum og siðvenjunum í þessum löndum. – Ætli það sé helst munurinn á lífskjörum hér og heima í Póllandi sem rekur fólk þaðan, margt af því langskólagengið, í fiskvinnslu norður á hjara veraldar?

Atvinnuleysið ræður meiru en kjörin

„Launin hér eru mun hærri“, segir Lidia, „en verðlagið hér er líka hærra. Verðlag er mjög lágt í Póllandi. Það kostar sáralítið að bregða sér á kaffihús og þar gerir fólk miklu meira af því að hitta vini og kunningja með þeim hætti en hér. Hins vegar hefur atvinnuleysið í Póllandi væntanlega ráðið meiru um að Pólverjar hafa leitað til Íslands eftir vinnu. Enda þótt mikill uppgangur hafi verið í pólsku atvinnulífi á síðustu árum, þá situr alltaf einhver hópur eftir, í sumum tilvikum heilu stéttirnar.“

Pólska samfélagið á Vestfjörðum

Pólskt verkafólk er ótrúlega fjölmennt í byggðunum á norðanverðum Vestfjörðum ef miðað er við fólksfjölda. Langmest er af kvenfólki; karlmennirnir eru sárafáir. Á svæðinu frá Bolungarvík og Súðavík og til Þingeyrar eru líklega hátt á annað hundrað Pólverjar, þar af stærsti hlutinn á Þingeyri eða um 60-70 manns. Margir hafa dvalist hér lengi og ýmsir fest ráð sitt, en sumir koma til að vinna hér í sex mánuði eða svo og fara svo aftur. Af þeim sjö konum sem komu í hópi Lidiu fyrir fjórum árum eru þrjár enn á Íslandi, þar af tvær hér vestra, og allar komnar í sambúð. Þau Fjölnir hafa búið saman í rúm tvö ár og eiga von á barni fljótlega eftir áramótin, þannig að Lidia hefur tekið sér hlé frá vinnunni um sinn.

Fyrstu jólin sín á Íslandi hélt Lidia í verbúð í Hnífsdal að pólskum hætti með löndum sínum. Um jólin fyrir tveimur árum fór Fjölnir hins vegar með Lidiu í heimsókn til tengdafólks síns í Póllandi. Þar á hún þar átján ára dóttur, sem er í skóla á vetrum en hefur komið til Íslands til móður sinnar tvö síðustu sumur.

Helsti hátíðamaturinn er fiskur

Jólahald í Póllandi er talsvert frábrugðið því sem hér tíðkast. Miklu meira er lagt upp úr jólagjöfum á Íslandi en í Póllandi. Helsta jólamáltíð Pólverja er á aðfangadagskvöld, enda er hátíðablærinn meiri þá en á sjálfan jóladag, og þá er alls ekki borðað kjöt, heldur fiskréttir, grænmetisréttir og súpur. „Þetta er flottur matur og margir og fjölbreyttir réttir“, segir Fjölnir. Ein helsta fisktegundin á jólaborðinu er hinn frægi vatnakarpi, feitur og fallegur og væntanlega heldur fágætur á íslenskum borðum. Þar eru líka salöt ýmiskonar, ávaxtasúpur og sérstakar kökur með fyllingu af sveppum og ýmsu öðru góðgæti. Á fyrri árum var fiskurinn ekki ríflega útilátinn, ekki einu sinni á jólunum, en þeim mun meira um grænmetisrétti og súpur. Fólk hafði hreinlega ekki efni á því að kaupa mikinn fisk og hann var því aðeins til hátíðabrigða. Af trúarástæðum neyta kaþólskir ekki kjöts á aðfangadag, en kaþólska kirkjan er mjög öflug í Póllandi.

Á Íslandi er fiskur tiltölulega ódýr í samanburði við það sem gerist suður í Evrópu. Fyrir utan trúarástæður er hann einnig þess vegna sérstakur hátíðamatur hjá Pólverjum. Margvíslegir fínir síldarréttir eru þar í hávegum.

Brauðið brotið í sameiningu

Hátíðarmáltíðin á aðfangadagskvöldið í Póllandi hefst klukkan sex með því að fjölskyldan brýtur brauðið í sameiningu. Hver um sig fær sérstakt þunnt brauð, svipað oblátu en öllu stærra, og brýtur af og síðan skiptist fólk á brauðbitum og óskar hvert öðru velfarnaðar. Svo er farið með bæn í sameiningu áður en tekið er til við hátíðarmatinn. Um miðnætti fara margir til messu. Í öllum kaþólskum kirkjum í Póllandi hefur þá verið komið fyrir líkönum af fjárhúsinu og jötunni í Betlehem, þar sem vitringarnir þrír frá Austurlöndum færa nýfæddu Jesúbarninu gjafir og votta því virðingu sína. Talsverður metnaður er milli kirkna um að líkanið sé sem best úr garði gert. Á heimilum eru jólatré líkt og á Íslandi.

Harðfiskurinn í miklum metum

Lidia hefur aldrei bragðað íslenskan hákarl, og reyndar borðar húsbóndinn hann ekki heldur, þótt vestfirskur sé að ætt og uppruna. Aftur á móti er íslenski harðfiskurinn í miklum metum hjá Lidiu. Á heimaslóðum hennar borðar fólk helst ekki kindakjöt. Undirrituðum er minnisstætt frá dvöl sinni í Þýskalandi á sínum tíma, að þar þótti lambakjöt hinn versti matur. Aftur á móti er svínakjöt oft á borðum í Póllandi og ekki síður kjúklingar, enda eru þeir mjög ódýrir.

Samheldni pólska verkafólksins töluverð

– Eru mikil samskipti og félagslíf hjá Pólverjum innbyrðis hérna?

„Samskiptin og samheldnin eru talsverð og Pólverjarnir halda sig töluvert mikið út af fyrir sig. Það fer einkum eftir vinnustöðum. Þeir sem vinna saman hittast oft utan vinnunnar líka“, segir Lidia. Þegar hún bjó í verbúð í samfélagi við landa sína umgekkst hún þá mest og hópurinn náði þá takmörkuðum tengslum við innfædda. Slíkt hefur vissulega tafið fyrir íslenskunáminu hjá fólkinu. Þetta breyttist mikið þegar hún fór búa í eigin íbúð með íslenskum manni.

– Er mikið um að pólskar stúlkur séu komnar í sambúð með Íslendingum?

„Já, talsvert er um það, en ekki síður að pólsku stúlkurnar hafi farið í sambúð með erlendum mönnum sem hingað hafa komið til vinnu frá ýmsum löndum.“

Fjölnir Már: „Hins vegar er ekki óeðlilegt, að þegar allur þessi kvennablómi kemur hingað í plássin renni ungir heimamenn hýru auga til stúlknanna og eitthvað meira verði út því.“

Ekki á förum til Póllands

Meðal þess sem Lidiu finnst ólíkt með vestfirskum bæjum og því sem hún átti að venjast heima, er hvað samfélögin hér eru lítil. Í ljósi þess að efnahagur og atvinnuástand í Póllandi fer batnandi ár frá ári má spyrja: – Eigið þið einhverja drauma um að flytjast til Póllands með tíð og tíma?

„Nei, við höfum ekki nein áform um það“, segir Fjölnir. „Hins vegar á Lidia íbúð heima í Póllandi, sem okkur langar til að gera upp. Dóttir hennar er að ljúka menntaskóla. Ef hún fer síðan í háskóla á heimaslóðum er ætlunin er að hún geti notað íbúðina eftir að búið er að gera hana upp. Hins vegar kemur líka til greina að hún komi til Íslands og stundi nám í Háskóla Íslands, þegar hún hefur náð nægilegum tökum á íslenskunni.“

Langskólagengið fólk í fiski á Vestfjörðum

Það vakti athygli fyrir nokkrum árum, þegar hingað var að koma hámenntað fólk úr atvinnuleysinu í Póllandi til að vinna í fiski – verkfræðingar, læknar, arkitektar, tölvufræðingar o.s.frv. Það kemur í ljós, að Lidia á að baki tveggja ára kennaraháskólanám og hefur réttindi sem kennari í leikskóla og barnaskóla upp í tíu ára aldur. Ein þeirra kvenna sem komu samtímis henni til Íslands var fatahönnuður að mennt. Þeir Pólverjar sem hafa komið hingað allra síðustu árin eru hins vegar fyrst og fremst verkafólk og bændafólk utan af landi.

Veturnir ólíkir og vindurinn hvimleiður

– Hvernig er íslenski veturinn?

„Hann er nú ekki svo kaldur“, segir Lidia. „Frostið er yfirleitt meira á veturna heima í Póllandi en hér, en jafnframt eru þar stillur að öllum jafnaði, logn og sólskin á hverjum degi langtímum saman. Hér er veður miklu óstöðugra og hríðaráhlaupin og stórviðrin hér eru miklu harðari en ég á að venjast að heiman. Hér getur komið alveg brjálað veður og þessi sífelldi vindur finnst mér dálítið hvimleiður! En sumurin eru góð. Þá skreppum við til Flateyrar og Þingeyrar og inn í Djúp og það er ákaflega gaman að fara í berjamó þegar sumri hallar.“ *–h.*

NÝJAR BÆKUR

Teitur tímaflakkari

Forlagið hefur sent frá sér nýja bók eftir Sigrúnu Eldjárn sem ber heitið Teitur tímaflakkari. Sigrún hefur samið á annan tug barnabóka sem notið hafa gífurlegra vinsælda meðal íslenskra barna.

Þá hefur hún myndskreytt allar sínar bækur auk bóka annarra höfunda og hlotið margvíslega viðurkenningu fyrir verk sín.

Saga af stúlku

Forlagið hefur sent frá sér skáldsöguna Saga af stúlku eftir Mikael Torfason. Bókin segir frá Auði Ögn Arnardóttur, bráðfallegri 17 ára Reykjavíkurmey sem hefur ekki hugmynd um í hvorn fótinn hún á að stíga.

Mikael skapar hér dularfulla sögu þar sem hugtök eins og kynhegðun fá nýja merkingu. Inn í sögupráðinn blandast höfundarrödd sem á eftir að koma þægilega á óvart.

Sæmundur og stytturnar hans

Forlagið hefur gefið út bókina Sæmundur Valdimarsson og stytturnar hans eftir Guðberg Bergsson.

Bók þessi kemur út í tilefni af áttræðisafmæli Sæmundar um leið og efnt er til yfirlitssýningar á verkum hans í Gerðarsafni í Kópavogi. Bókin er prýdd fjölda mynda af styttum Sæmundar og um þær fjallar Guðbergur af innsæi sem fáum er gefið.

Kerling vill hafa nokkuð fyrir snúð sinn

Forlagið hefur sent frá sér ævintýrið Kerling vill hafa nokkuð fyrir snúð sinn skreytt myndum Guðrúnar Hannesdóttur.

Í kynningu bókarinnar segir: Einu sinni voru karl og kerling í koti sínu. Þau voru svo snauð að þau áttu ekkert fémætt til í eigu sinni nema snúð einn úr gulli á snældu kerlingar. Skammt frá kotinu var hóll einn mikill. Það var trú manna að þar byggi huldumaður sá sem kallaður var Kiðhús og þótti nokkur viðsjálsgripur. Svo var það einn dag að kerling týndi snúði sínum og taldi að Kiðhús hefði tekið hann.

Guðbjartur Ástþórsson, Rósa Magnúsdóttir og Sigríður Karlsdóttir skemmtu sér vel á árshátíð Básafells.

Fjölmenn árshátíð Básafells hf.

EINS OG ÍBÚAFJÖLDINN Í MEÐALSTÓRU SJÁVARPLÁSSI

Árshátíð Básafells hf. í Ísafjarðarbæ var haldin í Íþróttahúsinu á Flateyri sl. laugardagskvöld. Hátíðina sóttu um 320 manns, eða sem nemur íbúafjöldanum í meðalstóru sjávarplássi, enda voru þarna starfsmenn fyrirtækisins á Ísafirði, Flateyri og Suðureyri ásamt mökum sínum. Fagnaðurinn fór hið besta fram. „Þetta var alveg sérstaklega flott í alla staði og maturinn frá Hótel Ísafirði var alveg yndislega góður“, sagði Jónína Kristinsdóttir á skrifstofu Básafells á Ísafirði í samtali við BB. Meðal skemmtiatriða var einsöngur Guðrúnar Jónsdóttur við píanóleik Beötu Joó. Helga Braga kom að sunnan og brá undir sig léttari fætinum ásamt Þorsteini félaga sínum í Fóstbræðrum. Meðfylgjandi myndir voru teknar á árshátíðinni.

Það gerði Hrafn Norðdahl einnig sem hér sést íbygginn á svip.

Þrír af stjórnendum Básafells tóku hressilega undir í fjöldasöngnum. F.v. Arnar Kristinsson, Halldór Jónsson og Steinþór Bjarni Kristjánsson.

Helga Braga Jónsdóttir skemmti gestum af sinni alkunnu snilld.

Magnús Arnórsson skemmti sér ekki síður vel en gaf sér þó tíma til að klára eftirréttinn.

Hresst starfsfólk Básafells á árshátíðinni.

Þegar BB kom í heimsókn í Grunnskólann á Þingeyri um daginn mætti hann í anddyrinu þessu unga fólki, sem var á leið út í frímínútur ásamt skólastjóranum sínum, Guðmundi Þorlákssyni.

Grunnskólinn á Þingeyri er ákaflega vistlegur og þar er snyrtimennska í fyrirrúmi. Að sama skapi var ákaflega glaðlegur og óþvingaður bragur á nemendum og ekki annað að sjá en þeim liði vel í skólanum sínum.

Ölvaður Rússi á stolnum bíl

Um helgina tók lögreglan á Ísafirði rússneskan sjómann ölvaðan við akstur, en bílinn hafði hann tekið ófrjálsri hendi. Brottför skipsins sem maðurinn var á tafðist vegna þessa, en málið fékk flýtimeðferð hjá embætti sýslumanns og var gengið frá því í snarheitum svo að skipið kæmist úr höfn.

Demantsbrúðkaup

Demantsbrúðkaup eiga í dag, 2. desember, hjónin Guðný Finnsdóttir og Þórður Sigurðsson frá Hnífsdal, nú íbúar á Hlíf, Ísafirði.

ALLIR FÁ ÞÁ EITTHVAÐ FALLEGT...

FALLEG INNRÖMMUN ER HEIMILISPRÝÐI

KOMIÐ OG KYNNIÐ YKKUR ÆVINTÝRAHEIM AMERÍSKU STIMPLANNA

Opið alla daga frá kl. 11-18.
Opið laugardaginn 5. desember kl. 11-16.
Opið laugardaginn 12. desember kl. 11-18

HÖFUM BÆÐI KERTI OG SPIL OG ALLT ÞAR Á MILLI Í JÓLAPAKKANA

RAMMAGERÐ ÍSAFJARÐAR

Aðalstræti 16 – Sími 456 3041
– meira en þig grunar –

Austurvegurinn á Ísafirði

Enn aka menn um leiksvæði barnanna

Um nokkurt skeið hefur öll bílaumferð verið bönnuð um Austurveginn á Ísafirði á skólatíma, þ.e. frá kl. 8.15 til kl. 15. Eina frávikið er umferð strætisvagns sem flytur nemendur í og úr skóla. Formlega séð er gatan útivistarsvæði skólabarnanna meðan á skólatíma stendur. Þetta aksturs-bann gildir einnig fyrir þá sem búa við götuna, svo og kennara. Þannig má kennari sem leggur bíl sínum við götuna fyrir kl. 8.15 að morgni ekki hreyfa hann fyrir en eftir kl. þrjú síðdegis.

Talsvert brögð eru að því að bann þetta sé ekki virt. Margir aka götuna endilanga eins og þeim sýnist, en aðrir virðast telja í lagi að bakka út úr götunni. Lögum samkvæmt telst akstur afturábak líka akstur, þannig að hann er jafnóheimill á Austurvegi og akstur áfram.

Þeir sem virða bann þetta eru margir mjög ósáttir við að öðrum skuli líðast að brjóta það og aka á leiksvæði barnanna eins og ekkert sé. Lögreglan mun á næstunni fylgjast vel með þeim sem brjóta þetta bann og hafa sektabókina upp á vasann.

Rúm 160x200 með höfuðgafli og pífulaki

Mikið úrval af sængurverasettum.
Sængur og koddar

HÚSGAGNALOFTIÐ
SÍMI 456 4566 • SKEIÐI 1 • 400 ÍSAFJÖRÐUR

Blómaturninn

1 árs

Í tilefni afmælisins bjóðum við 20% afslátt af jólastjörnu og rósabúnt á afmælisverði

Og ekki mál gleyma...

Jólaskreytingunum, Jólaservíettunum, Jólakertunum, Jólatrénu, Jólakaffinu, Jólakonfektinu og Jólagjöfunum...

